

Nd.

114. Frumvarp til laga

[83. mál]

um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins (sbr. 6. gr.), auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma. Kjörmenn eru: Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakallsins (aðalmennt). Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns, ef forfallaður er. Sé prófastur hér- aðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast í hans stað.

3. gr.

Á kjörmannafundi skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar. Fundurinn er lokaður, og stýrir prófastur honum. Ef meiri hluti kjör- manna samþykkir, að kjör skuli fram fara, skal það framkvæmt með þeim hætti, sem segir í 4. gr. Að öðrum kosti ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu samkvæmt tillögu biskups.

4. gr.

Ef samþykkt er, að kjör fari fram, ákveður prófastur kjörfund kjörmanna þá þegar eða næsta dag hið síðasta. Kjörfundur er lokaður, og stýrir prófastur honum. Fer þar fram leynileg, skrifleg atkvæðagreiðsla um umsækjendur. Prófastur afhendir hverjum kjörmanna einn atkvæðiseðil, og setur kjörmaður kross framan við nafn þess, er hann kys. Prófastur skilar atkvæði á sama hátt. Að lokinni atkvæðagreiðslu eru atkvæði innsiglið og send biskupi í póstabýrgð, ásamt afriti af gerðabók kjör- fundar. Verði ágreiningur um undirbúning eða framkvæmd kosningar eða hún kærð, fellir kjörstjórn úrskurð um málið. Kjörstjórn skipa, auk biskups, 2 menn, er kirkju- málaráðuneytið skipar til 5 ára í senn.

5. gr.

Þegar kjörstjórn hefur kynnt sér niðurstöður kjörfundar, sendir biskup afrit af bókun hennar til kirkjumálaráðherra, ásamt rökstuddri tillögu sinni um veitingu. Biskup styður með tillögu sinni þann umsækjanda, er hlotið hefur $\frac{2}{3}$ atkvæða kjör- manna. Skal veita honum embættið, enda telst hann hafa hlotið lögmæta kosningu. Nái umsækjandi ekki $\frac{2}{3}$ atkvæða kjörmanna, telst kosningin ólögmæt, og mælir biskup þá með tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, er hann telur, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, standa næst því að hljóta embættið, og í þeirri röð, sem næst liggur að hans dómi. Veitir ráðherra því næst embættið öðrum hvorum þessara tveggja.

6. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest. Ef $\frac{3}{4}$ kjörmanna prestakallsins eru ein- huga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku, og er þá embættið

eigi auglýst. Samþykki $\frac{3}{4}$ kjörmannanna að kalla tiltekinn manntil embættisins, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslenzku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim prest eða kandidat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið, ella er embættið auglýst til umsóknar.

7. gr.

Prestsembættin að Skálholti, Hólum og Þingvöllum veitir forseti Íslands samkvæmt tillögu biskups og kirkjuráðs.

8. gr.

Setja má reglugerð, er kveði nánar á um framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er óbreytt frá frumvarpi, er flutt var af menntamálanefnd neðri deildar Alþingis á 83. löggjafarþingi, 1962—1963, 188. mál, þingskjal 362.

Frumvarpið var sent menntamálanefnd neðri deildar aftur af kirkjumálaráðherra 23. október 1964 með tilmælum um, að nefndin flytti það, þegar fengin væri umsögn kirkjubings um málið, en það hafði ekki hlotið afgreiðslu á 83. löggjafarþingi.

IV. kirkjubing var háð í Reykjavík dagana 25. október til 6. nóvember 1964.

Frumvarpið var lagt fyrir kirkjubingið, sem samþykkti það óbreytt eftir tvær umræður og athugun í nefnd milli umræðna.

Að lokinni 2. umræðu voru greinar frumvarpsins bornar upp hver fyrir sig, en síðan frumvarpið í heild. Atkvæði féllu þannig:

1. gr. samþykkt með	13	atkvæðum	gegn	0
2. — — —	12	—	—	1
3. — — —	11	—	—	0
4. — — —	11	—	—	0
5. — — —	9	—	—	5
6. — — —	14	—	—	0
7. — — —	10	—	—	1
8. — — —	10	—	—	0
9. — — —	10	—	—	0

Frumvarpið í heild var síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn 4.

Við 2. umræðu kom fram breytingartillaga frá einum kirkjubingsmanni (leikmanni) á þá leið, að niðurlag 5. greinar yrði breytt í það horf, að ef umsækjandi um prestakall fær ekki $\frac{2}{3}$ atkvæða kjörmannanna, skuli fara fram almenn prestskosning með þeim hætti, er nú tíðkast. Breytingartillagan var felld með 8 atkvæðum gegn 5.

Eins og segir í greinargerð á þskj. 362 frá 83. löggjafarþingi, var mál það, sem frumvarpið fjallar um, borið undir héraðsfundi í öllum prófastsdæmum landsins að loknu II. kirkjubingi, sem háð var árið 1960. Ályktanir um málið voru gerðar á héraðsfundum í 13 prófastsdæmum af 21.

Tafla um ályktanir þessar fylgir hér með (fskj. I). Samkvæmt þessu voru 6 héraðsfundir samþykkir frumvarpinu, eins og það lá fyrir, 4 vildu afnema prestskosningar með öllu, 1 vildi halda óbreyttu ástandi (hafa áfram almennar prestskosningar), en 2 vildu leita atkvæða almennings um það, hvort breyta skyldi núverandi fyrirkomulagi (með almennum prestskosningum). Frá héraðsfundum í eftirtöldum prófastsdæmum bárust engar ályktanir um málið:

Kjalarnesprófastsdæmi.

Mýrprófastsdæmi.

V.-Ísafjarðarprófastsdæmi.
 Strandprófastsdæmi.
 Húnavatnsprófastsdæmi.
 N.-Þingeyjarprófastsdæmi.
 A.-Skaftafellsprófastsdæmi.
 V.-Skaftafellsprófastsdæmi.

Af þessu er ljóst, að fullnægjandi upplýsingar um vilja þeirra, er sæti eiga á héraðsfundum, í þessum efnum eru ekki fyrir hendi. Hins vegar mun sú skoðun, að afnema beri prestskosningar, að líkindum eiga vaxandi fylgi að fagna meðal almennings.

Ályktunin í Reykjavíkurborgprófastsdæmi, hin eina, sem var á þá leið, að haldast skyldi óbreytt ástand, var gerð á árinu 1962, en síðan hafa orðið verulegar breytingar á prestakallaskipun í Reykjavík, og hefur fulltrúum á héraðsfund fjölgað til muna.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar á ofan nefndu þingskjali 362 frá 83. lögjafarþingi, og fylgir hún hér með (fskj. II).

Fylgiskjal I.

	Halda status qvo	Afnema kosningar algerlega	Frv. biskups lítt breytt eða óbreytt	Endurskoðun nauðsynleg, en engar tillögur	Vísa brtt. til atkvæða almennings
Rang. 1961					×
Árnes. 1961		×			
Rvík 1962	×				
Borg. 1961		×			
Snæf. 1961			×		
Dala. 1961					×
Barð. 1961			×		
N.-Ís. 1962			×		
Skag. 1961		×			
Eyjaf. 1962		×			
S.-Þing. 1962			×		
N.-Múl. 1961			×		
S.-Múl. 1961			×		
Samtals	1	4	6	0	2

Fylgiskjal II.

Greinargerð með frumvarpi til laga um veitingu prestakalla, fluttu á Alþingi 1962—63.

Frumvarp þetta var samþykkt á 3. kirkjuþingi Þjóðkirkju Íslands 1962, en þar var það flutt af biskupi og kirkjuráði. Er frumvarpið nú flutt samkvæmt ósk biskups, og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu borizt svo hljóðandi greinargerð frá honum:

„Lögin um veitingu prestakalla (lög nr. 32 3. nóv. 1915) hafa staðið óbreytt í nálega hálfri öld. Þau hafa þó sætt gagnrýni og mikil óánægja komið fram með þetta fyrirkomulag á veitingu prestakalla. Hefur þessi gagnrýni og óánægja farið sívaxandi. Einkum hefur í því sambandi verið bent á það tvennt, að prestskosningar í núverandi mynd reynast einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina og að þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu.

Mál þetta hefur mjög verið rætt á kirkjulegum fundum á undanförunum árum, og benda umræður og samþykktir mjög í þá átt, að tímabært sé og nauðsynlegt að breyta lögum um veitingu prestakalla. Á hinum almenna kirkjufundi, sem haldinn

var í Reykjavík í október 1961, var þetta eitt aðalumræðuefnið, og var samþykkt svo hljóðandi ályktun í málinu: „með rúmlega tveim þriðju hlutum greiddra atkvæða“ (sbr. fundargerð):

„Hinn almenni kirkjufundur leikmanna og presta 1961 telur nauðsynlegt að breyta núgildandi lögum um veitingu prestakalla í það horf, að prestskosningar leggist niður, en forseti Íslands veiti prestaköllin samkvæmt tillögum biskups.“

Á prestastefnum undanfarinna ára hefur þetta mál oftast en einu sinni verið á dagskrá. Var það annað aðalmál prestastefnu 1960 og afgreitt þá með svo hljóðandi ályktun, er samþykkt var í einu hljóði:

„Prestastefnan telur brýna nauðsyn bera til að endurskoða gildandi lög um veitingu prestsembættu. Beinir prestastefnan því til biskups og kirkjuþings að athuga gaumgæfilega, með hvaða hætti þetta sé tiltækilegast, sérstaklega hvað læra má af erlendri reynslu.“

Með tilliti til þessarar samþykktar samdi biskup frumvarp um veitingu prestakalla og lagði fyrir kirkjuþing 1960. Lýsti kirkjuráð sig samþykkt frumvarpinu í meginefnum. Kirkjuþing afgreiddi málið með ályktun um að bera undir álit héraðsfunda tillögur um veitingu prestakalla, þ. e. a. s. í fyrsta lagi frumvarp biskups með smávægilegum breytingum, en auk þess í öðru lagi tillögu „um veitingu prestakalla án kosningar.“ Var síðarnefnda tillagan fram komin vegna tilmæla frá stjórn Prestafélags Íslands, er taldi, að frumvarp biskups mundi ekki, þótt að lögum yrði, rýmka nægilega um möguleika presta til þess að flytja sig til. Fyrir því benti hún á það úrræði, að í annað eða þriðja hvert skipti, sem prestsembætti verður laust, yrði það veitt án þess, að fram færi kosning. Var gert ráð fyrir, að núverandi skipan héldist að öðru leyti.

Samkvæmt þessu hefur málið verið ýtarlega rætt á héraðsfundum, og hafa flestir þeirra skilað álit. Vann kirkjuráð úr álitgerðum héraðsfundanna, og hlaut sú hugmynd mestan stuðning að breyta fyrirkomulaginu í líkt form og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Einn héraðsfundur skilaði álit, eftir að málið hafði verið undirbúið af kirkjuráði og kirkjuþing var tekið til starfa. Það var héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis, er lagði til, að núverandi fyrirkomulag skyldi haldast.

Kirkjuráð gerði nokkrar breytingar á frv. biskups frá 1960, og lagði biskup frv. í því formi fyrir kirkjuþing 1962. Gerði þingið nokkrar breytingar á frv., og var það síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn 5.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er þannig komið frá kirkjuþingi, og má samkvæmt því, sem áður segir, telja öruggt, að sú breyting, sem það miðar að, eigi fylgi að fagna með meiri hluta þeirra manna, leikra og lærðra, sem gegna trúnaðarstörfum í söfnuðum landsins.

Frumvarpið miðar að því að bæta úr þeim meinbugum, sem fylgja gildandi lögum um veitingu prestakalla. Samkvæmt því skulu almennar prestskosningar lagðar niður, en íhlutun safnaðanna um val á prestum sínum tryggð á annan veg, þ. e. með því, að þeir menn, sem söfnuðirnir velja til forgöngu í málefnum sínum, sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar, fjalli um málið og greiði atkvæði um umsækjendur. Eðlilegt er, að héraðsprófastur hafi umsjón með framkvæmd þessarar kosningar og hafi atkvæðisrétt, enda er líkur háttur hafður í Danmörku og Noregi, þar sem sóknarnefndir gera tillögur um veitingu prestsembættu á hliðstæðan hátt og hér er gert ráð fyrir. Skv. 5. gr. frv. skal veita þeim umsækjanda embættið, er hlýtur $\frac{2}{3}$ atkvæða fyrrnefndra kjörmanna, og verður þá aðstaða veitingavaldsins hin sama og skv. gildandi lögum, þegar kosning er lögmæt. Hljóti enginn umsækjenda slíkan stuðning kjörmanna, mælir biskup með tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, eftir því sem hann telur eðlilegast, en kirkjumálaráðherra veitir öðrum hvorum embættið.

Skv. 6. gr. geta trúnaðarmenn kallað prest án umsóknar, ef nægilega margir þeirra eru einhuga um að kveðja tiltekinn mann til þjónustunnar. Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir þessum möguleika, og má ætla, að vel gæfist.

Í þjóðkirkjum nágrannalandanna eru allmörg prestsembætti undanþegin almennum ákvæðum um veitingu. Veldur því bæði eðli embættanna sjálfra og svo hitt, að kirkjunni er nauðsyn að hafa einhver embætti til ráðstöfunar handa sérstökum verðleikamönnum. Þykir eðlilegt, að slík sérstaða sé lögákveðin um prestsembættin á hinum fornu biskupssetrum og á Þingvöllum.“